

# ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 11/1997

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

gegn

samkeppnisráði

## I.

Með bréfi, dags. 27. júní 1997, er barst áfrýjunarnefnd sama dag, hefur Skúli Bjarnason, hdl., fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/1997](#), dags. 2. júní 1997.

Með ákvörðuninni mælir samkeppnisráð, með heimild í 17. gr. samkeppnislaga, fyrir um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins bjóði viðskiptavinum sínum viðskiptakjör við sölu á tóbaki sem samræmast því hagræði sem magn viðskiptanna gefur tilefni til. Þá segir í ákvörðunarorðum hinnar kærðu ákvörðunar að viðskiptakjör skuli vera almenn þannig að fyrirtæki sem eigi í samskonar viðskiptum við Áfengis- og tóbaksverslunina njóti sömu kjara. Ennfremur segir að upplýsingar um viðskiptakjör í viðskiptum með tóbak skuli vera aðgengilegar hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/1997, verði staðfest.

## II.

Málavextir eru þeir að með auglýsingu dags. 31. desember 1996 tilkynnti áfrýjandi aðilum er selja tóbak í smásölu að frá og með 1. janúar 1997 yrðu öll viðskipti með tóbak staðgreiðsluviðskipti. Jafnframt var tilkynnt að sá afsláttur sem veittur hafi verið af staðgreiðsluviðskiptum félli niður.

Með bréfi dags. 6. janúar 1997 fóru Kaupmannasamtök Íslands þess á leit við samkeppnisyfirvöld að þeim fyrirmælum yrði beint til áfrýjanda að veittur yrði magnafsláttur við staðgreiðslu á tóbaki til endursölu. Að mati Kaupmannasamtakanna er með öllu óeðlilegt að taka skyndilega af þann staðgreiðsluafslátt sem verið hafði í gildi í rúm 20 ár.

Meðferð samkeppnisyfirvalda er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

### III.

Að mati áfrýjanda snýst mál þetta fyrst og fremst um hvar verðlagningarvaldið á tóbaki liggur. Áfrýjandi telur að fyrirmæli um afslætti séu í eðli sínu ekkert annað en verðákvörðun og samkeppnisráð skorti lagaheimild til að fjalla þannig um verðlagningu á tóbaki á grundvelli samkeppnislaga. Áfrýjandi kveður því afskipti samkeppnisráðs af verðlagningu á tóbaki stangist á við skýr ákvæði laga nr. 63/1969 um verslun með áfengi og tóbak.

Áfrýjandi bendir á að 3. gr. laga nr. 63/1969 eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 95/1995 hljóði svo:

„Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma.[Verð í smásöluverslunum Áfengis-og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru fyrir sig skal vera það sama hvar sem er á landinu.]1) Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

1) L. 95/1995, 3. gr. “

Áfrýjandi bendir á að í lagaákvæðinu sé ekki einungis fjallað með afdráttarlausum hætti um það hvar verðlagningarvaldið liggi heldur komi einnig fram sá vilji löggjafans að markaðslögmál skuli ekki gilda við sölu á þeim vörum sem áfrýjandi hefur á boðstólum þar sem boðið sé að verð á hverri vöru skuli vera það sama hvar sem er á landinu. Einnig að hér sé um yngra sérlagaákvæði að ræða sem eigi að ganga framar almennum ákvæðum samkeppnislaga.

Áfrýjandi telur að samkeppnisráð hafi hvorki tekið tillit til ofangreindra lagasjónarmiða við umfjöllun sína né heldur þeirra almennu

heilbrigðissjónarmiða sem búi að baki margháttaðari löggjöf um meðferð og viðskipti með tóbak, m.a. með verðlagningu.

Þá kveðst áfrýjandi ekki sjá að föst verðlagning á heilðsölustigi en frjáls álagning í smásölu sé jafn skaðleg samkeppni og af sé látið.

Loks kveðst áfrýjandi sjá fyrir sér verulega örðugleika á því að framfylgja hinni kærðu ákvörðun ef hún stæði óhöggð. Óljóst sé eftir hvaða reglum ætti að fara og erfitt sé að sjá mörkin milli afsláttar og verðákvörðunar.

Samkeppnisráð bendir á að fyrirmælin í hinni kærðu ákvörðun snúi ekki að ákvörðunum fjármálaráðuneytisins heldur þeim viðskipta-skilmálum og viðskiptakjörum sem áfrýjandi býður viðskiptavinum sínum.

Hvað viðkemur 2. málslíð 3. gr. laga nr. 63/1969, sbr. lög nr. 95/1995 telur samkeppnisráð ljóst af orðalagi ákvæðisins að það eigi eingöngu við um verð í smásöluverslunum og bent er á að í áliti efnhags- og viðskiptanefndar Alþingis með frumvarpi til breytinga á lögnum árið 1995 komi skýrt fram að ákvæðið eigi eingöngu við um áfengi. Því telur ráðið að ákvæði 2. málslíðar 3. gr. laga nr. 63/1969 eigi ekki við í máli þessu.

Samkeppnisráð telur ljóst að verðákvörðun á tóbaki sé í höndum fjármálaráðherra. Ákvörðun um afslátt sé hins vegar alfarið í höndum áfrýjanda sjálfs og að augljós skil séu á milli verðákvörðunar ráðherra annars vegar og hins vegar þeirra viðskiptakjara sem áfrýjanda sé í sjálfs vald sett að veita.

Hvað varðar málsástæður og lagarök samkeppnisráðs að öðru leyti vísast til hinnar kærðu ákvörðunar.

Kaupmannasamtök Íslands hafa einnig skilað inn athugasemdum vegna máls þessa.

#### IV.

#### Niðurstöður.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 63/1969 er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast

innflutning þennan og dreifingu tóbaks undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einnig heimil starfsræksla tóbaksgerðar. Samkvæmt 6. gr. laganna selur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins tóbak það sem verslunin flytur inn og/eða framleiðir innanlands í heildsölu.

Í 3. gr. laganna kemur fram að fjármálaráðherra ákveði útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma og að verð í smásöluverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru skuli vera það sama hvar sem er á landinu. Samkvæmt því sem upplýst er í málinu fer verðákvörðun þannig fram að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerir tillögur að verðskrá hverju sinni sem ráðuneytið fær síðan til athugunar og staðfestir eftir atvikum með áritun.

Fyrrgreind lagafyrirmæli fela það í sér að venjuleg markaðslögmál gilda ekki um verðlagningu tóbaks heldur er ráðherra falið að ákveða tóbaksverð samkvæmt þeim nánari fyrirmælum sem fram koma í lögnum. Engu breytir í þessu efni þó að Áfengis- og tóbaksverslunin sé í raun falið að gera tillögur að verðskrá fyrir tóbak. Ákvörðun um afslætti er hluti af verðákvörðun sem ráðherra tekur endanlega ákvörðun um samkvæmt framansögðu. Af þessu leiðir að samkeppnislög eiga ekki við. Ber því að fella úr gildi hina kærðu ákvörðun.

## V.

### Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/1997, dags. 2. júní 1997, er felld úr gildi.

Reykjavík, 24. júlí 1997.

Stefán Már Stefánsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Magnús H. Magnússon

Rétt endurrit staðfestir;